

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 346/2022

frá 9. desember 2022

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2326 frá 30. nóvember 2021 um að fastsetja niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni (BAT), samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB, vegna stórra brennsluvera ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 1fw (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2009) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„1fx. **32021 D 2326**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2326 frá 30. nóvember 2021 um að fastsetja niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni (BAT), samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB, vegna stórra brennsluvera (Stjtið. ESB L 469, 30.12.2021, bls. 1).“

2. gr.

Texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2021/2326, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 10. desember 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 469, 30.12.2021, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. desember 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kristján Andri Stefánsson

formaður

ÓOPINBER ÞÝÐING